

nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim svo og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

## 27. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar fjallskilasamþykktar varða sektum. Með mál út af brot-um skal farið að hætti opinberra mála.

## 28. gr.

Samþykkt þessi sem samin hefur verið að tilhlutan Ísafjarðarbæjar og í samráði við bæjarstjórn Bolungarvíkur, sveitarstjórn Súðavíkur og án athugasemda frá héraðsnefnd Strandasýslu, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjall-skil o.fl., með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftir-breytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi fjallskilasamþykktir Vest-ur-Ísafjarðarsýslu, nr. 705/1983 og Norður-Ísafjarðarsýslu, nr. 427/1987.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 7. júní 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akureyri.

Neðangreind deiliskipulög hafa verið samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, eftir að hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulögin taka gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*1) Naustahverfi, 1. áfangi.*

Skipulagssvæðið afmarkast að austan af Þórunnarstræti vestan kirkjugarðs og að norð-an af fyrirhugaðri Miðhúsabraut sunnan Teigahverfis. Skipulagið gerir ráð fyrir 327 íbúð-um, auk grunnskóla, leikskóla og húsnæðis fyrir þjónustu. Um er að ræða fyrsta áfanga Naustahverfis, sem áætlað er að teygi sig allt frá núverandi byggð sunnan VMA og suður undir Kjarnaskóg.

Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 23. apríl 2002.

*2) Naust III, lóð Minjasafnsins á Akureyri.*

Skipulagssvæðið er lóð Minjasafnsins í Naustahverfi ásamt umlykjandi opnu svæði. Gert er ráð fyrir að helstu núverandi byggingar að Naustum III standi áfram, og að til við-bótar verði reist geymsluhús og verkstaði á lóðinni.

Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 19. mars 2002.

*3) Íbúðarsvæði v. Lindasíðu.*

Deiliskipulagið tekur til reits milli Hlíðarbrautar og Lindasíðu, næst Austursíðu, og gerir ráð fyrir allt að 22 íbúðum í einnar hæðar raðhúsum.

Innan marka skipulagsins er einnig opið svæði meðfram Hlíðarbraut, með hljóðmön næst íbúðarlóðunum.

Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 7. maí 2002.

*Akureyri, 18. júní 2002.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalin**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Smáratún 13, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 11. júní 2002 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Smáratún 13 í Bessastaðahreppi frá deiliskipulagi Túnahverfis, dags. 10. júní 1996. Breytingin felst í stækkun byggingarreits á lóðinni.

Skipulagsuppráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Bessastaðahreppi, 12. júní 2002.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.

## REGLUGERÐ

### um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 2002-2003.

#### 1. gr.

*Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.*

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 2002-2003 skal vera 106 milljónir lítra og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur og skiptist hlutfallslega milli lögbýla á sama hátt og greiðslumark til framleiðslu mjólkur á verðlagsárinu 2001-2002.

#### 2. gr.

*Aðilaskipti að greiðslumarki.*

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi/eigendur þess þarf samþykki beggja/allra fyrir ráðstöfun greiðslumarks frá lögbýli. Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli og skal það sérstaklega skráð á nafn hans. Leiguliða er heimilt að selja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlok leiguliða á því markaðsverði sem síðast liggur fyrir. skv. könnun sem Bændasamtök Íslands annast. Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Bændasamtök Íslands láta í té og liggja frammi